



Fundargerð heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra

Fundur í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra haldinn **24. febrúar 2026** kl. 12:00 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu: Arnar Þór Stefánsson, Guðný Helga Kristjánsdóttir, Jón Kolbeinn Jónsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Róbert Smári Gunnarsson, Sigríður Ólafsdóttir og Sigríður Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri, auk Andra Más Þorsteinssonar og Svavars Sigurðssonar heilbrigðisfulltrúa.

Fundarstjóri Arnar Þór Stefánsson

Fundarritari: Róbert Smári Gunnarson

Dagskrá

1. Starfsleyfi og skráningar
2. Tóbaksleyfi
3. Mál til kynningar / vinna milli funda
 - A. Skipulagsmál
 - B. Umsagnir til sýslumanns
 - C. Mál frá Mast
 - D. Mál frá UOS
 - E. Úr eftirliti
 - F. Mál frá SHÍ
 - G. Mál frá ráðuneytum
4. Önnur mál

1. Starfsleyfi

Starfsleyfi nr. 2007

Rarik ofh, kt. 520269-2669, Dverhöfði 2, 110, vegna reksturs 8 aðveitustöðva í raforkudreifingu á Norðurlandi vestra og 1 hitaveitu, sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*. Aðveitustöðvarnar eru: Ólafsfjörður F-215-4483, Siglufjörður F-232-1562, Brimnes F-224-8707, Sauðárkrókur F-235-9179, Varmahlíð F-214-0616, Laxárvatn F-213-6389, Skagaströnd 213-9190, Hrótatunga F-213-2739, og Hitaveita Rarik í Skútudal F-233-8516.

Ábyrgðarmaður: Andri Páll Hilmarsson

Samþykkt til 24.2.2038.

Starfsleyfi nr. 2008

Húnabyggð - Skjólíð, kt. 650422-2520, vegna reksturs félagsmiðstöðvar fyrir ungmenni á aldrinum 10-16 ára, að Húnabraut 6, 540 Blönduósi, sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður: Kristín Ingibjörg Lárusdóttir.

Samþykkt til 24.2.2038.

Starfsleyfi nr. 2009

Aurora Igloos ehf., kt. 460417-0580, vegna rekstur smáhýsa, hjólhýsa og tjaldsvæði við Víðihlíð, 531 Hvammstangi, sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður: Árni Freyr Magnússon

Samþykkt til 24.2.2038.

Starfsleyfi nr. 2010

Reykir 2 ehf, kt. 440725-1390, vegna reksturs Ferðapjónustu, gistiheimili, smáhýsi og tjaldsvæði að Sæbergi, 500 Staður, sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður: Þorsteinn H. Sigurjónsson

Samþykkt með fyrirvara til 24.2.2038.

Starfsleyfi nr. 2011

Brimhóll ehf - Brekka, kt. 610223-0790, vegna reksturs ferðapjónustu að Brekkubyggð 34, 540 Blönduósi, sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

Ábyrgðarmaður: Ólafur Gunnarsson.

Samþykkt til 24.02.2038

2. Tóbakssöluleyfi

2. Mál til kynningar / vinna milli funda

A) Skipulagsmál

- a) Umsögn Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra um breytingu á deiliskipulagi fyrir Glæsivelli, L-236629 á Hvammstanga. Mál nr. 123/2010.
- b) Umsögn Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, að nýju aðalskipulagi Blönduósbæjar, breyting á íbúðabyggð við Sunnubraut. Mál nr. 1004/2025.

B) Umsagnir til sýslumanns

Tækifærisleyfi

- a) Árshátíð, staðsett í Bóknámshúsi Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki.

Gistileyfi

- a) Stiklur ehf, kt. 640512-0910, gistileyfi að Húsey 1, 561 Varmahlíð.

Veitingaleyfi

- a) Berglind Þorsteinsdóttir, vegna Veitingaleyfi í Flokkur II– E Kaffihús í Áshúsi á lóð Glaumbæjar Ásgarði, Byggðasafn Skagafjarðar kt 550652-0139. 551 Sauðárkrókur, 561 Varmahlíð.

C) Mál frá Mast

- a) Umsögn um frumvarp til laga um sameiningu Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs send í Samráðsgátt stjórnvalda þann 20.02.2026. Athyglisvert að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna kemur ekki fram í titli framvarpsins.
- b) Beiðni frá ráðgjafafyrirtækinu Expectus fyrir hönd Matvælastofnunar og Atvinnuvegaráðuneyti þar sem beiðð var um ýmsar upplýsingar. Beiðnin kom mánudaginn 16. febrúar og við áttum að skila svörum okkar 20. febrúar sem ekki náðist vegna vinnu við umsagnir inn á Samráðsgátt stjórnvalda.
- c) Ellefu tilkynningar hafa borist um aðskotahluti/aðskotaefni í matvælum.
- d) Mánaðarlegt samtal framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitssvæðanna með forstjóra Mast, UOS og Fiskistofu um áform um breytingar á heilbrigðiseftirliti í landinu.

D) Mál frá UOS

- a) a) Umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum. Send í Samráðsgátt stjórnvalda þann 17.02.2026.
- b) Erindi var sent UOS um framkvæmd úrræðis vegna flutnings og vörslu muna, sjá bókun.

- c) Beiðni um umsögn frá UOS um frekari afmörkun og endurskoðun á gerðarflokkun yfirborðsvatnshlota frestur var til 23. febrúar 2026, beðið var um frest í nokkra daga.
- d) UOS skoðar nýtingarleyfi Biogenic minerals (áður Icecal) til töku kalkþörunga í Miðfirði. Spurt var hvort fyrirtækið hafi starfsleyfi hjá HNV, svo er ekki.
- e) Það gekk frekar illa að ná sambandi við fyrirtækið, við erum með Eftirlit með spennistöðinni þeirra í gegnum Rarik á Blönduósi. En ég fékk símanúmer hjá einum starfsmanni þeirra sem er rafiðnaðarfræðingur og fékk þessi svör.
- f) Beiðni frá UOS um upplýsingar um gagnaverið Borealis Data Center á Blönduósi. Hvort þau séu með varaflstöð sem gengur fyrir olíu. Svarið er að fyrirtækið er með litla varaafstöð á kerru um 100 kgW. Þeir hafa ekki sótt um starfsleyfi fyrir henni til okkar.
- g) Erindi frá UOS um að tilnefndur verði 1 heilbrigðisfulltrúi verði í samvinnu við UOS vegna nýju reglugerðarinnar um fráveitur og skólphreinsun nr. 1450/2025.
- h) Samráðsfundur var milli Umhverfis- og Orkustofnunnar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna. Þar var m.a. rætt um framkvæmd skráningareglugerðarinnar.

E) Úr eftirliti

- a) Tvær umsagnir voru sendar í Samráðsgátt stjórnvalda. Annars vegar var send umsögn til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum. Hins vegar var send umsögn til Atvinnuveganefndar Alþingis um frumvarp til laga um sameiningu Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs. Þar kemur ekki fram í fyrirsögn að heilbrigðiseftirlitin verði lögð niður en innihald frumvarpsins leynir því ekki.
- b) Áfram unnið með Fjallabyggð um vatnsveitur, tekin vatnssýni á Siglufirði, fyrir og eftir geislun.
- c) Háskólanemandi frá Umeaa í Svíþjóð í starfsnámi hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlandi vestra.
- d) Átak í umhirðu lóða og gerir Heilbrigðisnefnd eftirfarandi bókun:

Heilbrigðisnefnd samþykkir eftirfarandi bókun með öllum atkvæðum:

um framkvæmd úrræðis vegna flutnings og vörslu muna

„Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 9.gr. reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.

Heilbrigðisnefnd hefur, að undangenginni vettvangsskoðun, ljósmyndaskráningu og gagnaöflun, lagt mat á heildaráhættu vegna

mögulegrar losunar eða dreifingar mengandi efna í jarðveg, grunnvatn og yfirborðsvatn. Umfang munanna, sem nemur verulegum fjölda bifreiða, var sérstaklega tekið til skoðunar við mat á heildaráhættu og framkvæmd úrræðis.

Mat nefndarinnar er reist á varúðarsjónarmiðum og markmiðum laga nr. 7/1998 um að fyrirbyggja og takmarka mengun. Munir af þessu tagi geta, vegna eðlis og innihalds þeirra, skapað raunhæfa mengunarhættu þótt ekki hafi verið talin þörf á sérstakri sýnatöku á þessu stigi málsins með hliðsjón af eðli máls og umfangi munanna.

Með hliðsjón af heildaráhættumati telur nefndin að minni heildaráhætta felist í tímabundinni vörslu munanna á staðnum með viðeigandi varúðarráðstöfunum þar til þeim verður komið í löglega og viðurkennda förgun.

Mat skal byggt á málefnalegum og sannanlegum sjónarmiðum og skráð í málsgögn. Breytast aðstæður eða krefjist almanna- eða umhverfshagsmunir þess skal gripið til flutnings án tafar. “

Heilbrigðiseftirlitinu var falið að fylgja þessari bókun eftir.

F) Mál frá SHÍ

Send hafa verið umsagnir í Samráðsgátt stjórnvalda vegna yfirfærslu heilbrigðiseftirlits frá sveitafélögum til ríkisins.

G) Mál frá Ráðuneytum

- a) Beiðni frá ráðgjafafyrirtækinu Expectus fyrir hönd Atvinnuvegaráðuneyti og Matvælastofnunar þar sem beðið var um ýmsar upplýsingar. Beiðnin kom mánudaginn 16. febrúar og við áttum að skila svörum okkar 20. febrúar sem ekki náðist vegna vinnu við umsagnir inn á Samráðsgátt stjórnvalda.
- b) Drög að frumvarpi vegna yfirfærslu heilbrigðiseftirlitsins til ríkisins er komið út frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og Atvinnuvegaráðuneytinu, vegna drög að frumvarpi vegna flutnings eftirlits á sviði hollustuhátta og mengunarvarna og matvæla í samráðsgátt stjórnvalda. Kynningarfundur á frumvörpunum var haldinn fyrir heilbrigðisnefndir sveitarfélaga.

3. Önnur mál

Heilbrigðisnefnd fjallaði um framkvæmd fyrstu tilkynninga vegna hreinsunar lóða og lendna og lagði fram tvo valkosti um verklag. Málið er lagt fram til umræðu á fundinum.

Næsti fundur heilbrigðisnefndar er áætlaður þriðjudaginn 31. mars 2026 kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 13:00.